

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 2007 í máli nr. E-2279/2006:

María H Guðmundsdóttir

(Jónas Þór Guðmundsson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Einar K. Hallvarðsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. nóvember sl., er höfðað með stefnu, sem birt var stefnda 21. apríl 2006.

Stefnandi er María H. Guðmundsdóttir, Lindargötu 61, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið og er fjármálaráðherra stefnt fyrir þess hönd.

Dómkröfur

Stefnandi gerir þá kröfu að úrskurður skattstjórans í Reykjavík frá 11. apríl 2006 í máli stefnanda, Maríu H. Guðmundsdóttur, málsnúmer 2005082550, verði felldur úr gildi að því leyti sem kröfum stefnanda er þar synjað.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti samkvæmt lögum nr. 50/1988, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað, að mati dómsins.

Upphaflega gerði stefndi aðallega kröfu um frávísun málsins, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins 13. október 2006.

Málsatvik og ágreiningsefni

Málavextir eru í megindráttum eftirfarandi:

Stefnandi er fædd árið 1925 og starfaði lengi sem launþegi á almennum vinnumarkaði og greiddi sem slíkur um margra ára skeið iðgjöld í lífeyrissjóð, svo sem skylt var samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og áður lögum nr. 9/1974, um starfskjör launþega o.fl., en nú samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Iðgjöldin greiddi hún til Lífeyrissjóðsins Framsýnar (og áður forvera hans, Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar) frá og með janúarmánuði 1980 til ársloka 1995. Stefnandi hóf töku lífeyris 1. janúar 1997.

Árið 2004 námu tekjur stefnanda alls 1.473.238 krónum. Af þeirri fjárhæð voru lífeyrisgreiðslur frá Lífeyrissjóðnum Framsýn 269.636 krónur. Tekjuskattur og útsvar var lagt á þessar tekjur samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, en í 1. tl. A-liðar 7. gr. þeirra laga segir að lífeyrir teljist til skattskyldra tekna. Þá segir í 6. tl. 8. gr. sömu laga að vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði, samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, teljist til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr. laganna, þegar slíkar greiðslur séu greiddar út.

Stefnandi kærði álagningu á tekjur sínar á árinu 2004 til skattstjórans í Reykjavík. Í kærinni segir m.a. eftirfarandi:

„Þess er krafist að ákvörðun skattstjórans í Reykjavík frá 29. júlí 2005 um álagningu tekjuskatts og útsvars á umbjóðanda minn vegna tekjuársins 2004 verði felld niður að því leyti, sem með henni var lagður 25,75% tekjuskattur og 12,70% útsvar á þær tekjur hans, sem rekja má til þess hluta greiðslna hans úr Lífeyrissjóðnum Framsýn tekjuárið 2004, sem var umfram innborgað iðgjald, að teknu tilliti til skerðingar á grundvelli samþykktu lífeyrissjóðsins vegna samtryggingar, og fól í sér fjármagnstekjur í formi vaxta, verðbóta og annarrar ávöxtunar innborgaðs iðgjalds í lífeyrissjóðinn kr. 218.405. Að því er varðar fjárhæð ávöxtunarhluta lífeyrisgreiðslnanna, kr. 218.405, vísast til meðfylgjandi bréfs, sundurliðunar og útreikninga Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, dags. 10.10.2002 og 19.11.2005 og þar tilgreindra taflna.“

Skattstjórinn í Reykjavík hafnaði kröfum stefnanda með úrskurði 11. apríl 2006 og byggði höfnun sína á rökstuðningi sem fram kemur í úrskurði yfirskattanefndar frá 31. ágúst 2005 í máli stefnanda nr. 221/2005. Er sá rökstuðningur svohljóðandi:

„Samkvæmt framansögðu verður, á grundvelli gildandi laga, að taka til úrlausnar þá kröfu kæranda að hinn umþrætti hluti af greiðslum úr lífeyrissjóði sæti skattlagningu sem fjármagnstekjur þar sem líta beri á þann hluta sem fjármagnstekjur samkvæmt 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003. Af hálfu umboðsmanns kæranda hefur komið fram að lífeyrisréttindi séu að hluta tilkomin vegna ávöxtunar iðgjalda. Samkvæmt 6. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, sbr. áður 6. tölul. 2. mgr. laga nr. 75/1981, sbr. b-lið 1. gr. laga nr. 154/1998, um breyting á hinum fyrrnefndu lögum, þar sem ákvæðið var lögtekið, skulu vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljast til tekna sem lífeyrir samkvæmt A-lið 7. gr. laganna þegar slíkar greiðslur eru greiddar út. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 154/1998, segir m.a. svo um þetta: „Með frumvarpinu er lagt

til að kveðið verði skýrt á um að 1. tölul. 2. mgr. 8. gr. eigi ekki við í þessu tilviki heldur komi tekjur þessar ekki til skattlagningar fyrr en við útborgun á lífeyri og teljast þær þá til tekna skv. A-lið 7. gr. og skattleggjast í almennu skatthlutfalli en ekki sem fjármagnstekjur.“ Ákvæði þetta tekur þannig beint til tilviks kæranda og gengur það skýrlega gegn kröfu hans. Verður því að telja að enginn grundvöllur sé fyrir kröfu kæranda. Verður ekki talið að greint ákvæði 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, geti leitt til annarrar niðurstöðu en leiðir af skýru og ótvíræðu orðalagi ofangreinds ákvæðis, enda er hér einungis um það að ræða að tiltekin tegund tekna er skattlögð með ákveðnum hætti hjá öllum sem eins stendur á um.“

Krafa stefnanda lýtur að því að fá ofangreindan úrskurð skattstjóra felldan úr gildi.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi reisir mál sitt á því að lífeyrisgreiðslur byggist upp á tveimur þáttum, annars vegar innborguðu iðgjaldi, sem sé höfuðstóll, og hins vegar ávöxtun hans, þ.e. vöxtum, verðbótum og/eða annarri ávöxtun. Hvorki skipti máli í því sambandi hvort almenn lög eða samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs, í þessu tilviki Lífeyrissjóðs Framsýnar, kveði berum orðum á um skiptingu lífeyrisgreiðslna með þessum hætti eða ekki eða skilgreini lífeyrisgreiðsluna þannig gagnvart lífeyrisþega, né heldur hvort lífeyrissjóðurinn geri lífeyrisþega sérstaka skilagrein fyrir ávöxtunarhlutanum. Hafi þau atriði engin úrslitaáhrif í þessu efni. Hitt skipti öllu máli, að hluti lífeyrisgreiðslna sé í eðli sínu ávöxtunarhluti, þ.e. tekjur af fjármagni. Ekki skipti máli hvort litið sé á ávöxtunarhlutann sem vexti, verðbætur og/eða annars konar ávöxtun, en aðalatriðið sé að um tekjur af fjármagni sé að ræða. Skiptinguna á milli höfuðstólsins og þess hluta sem í eðli sínu sé fjármagnstekjur megi síðan finna út á grundvelli upplýsinga um iðgjaldagreiðslur lífeyrisþegans, greiðslur lífeyrissjóðsins til hans og kennitalna sjóðsins, eftir viðurkenndum reiknileiðum með aðstoð tryggingastærðfræðings, eins og stefnandi geri í máli þessu.

Ljóst sé að lífeyrisþegar fá ekki í öllum tilvikum greitt út úr sjóðnum í réttu hlutfalli við inngreiðslur. Margs konar skerðing geti þar komið til, auk þess sem hluti greiðslna úr lífeyrissjóði fari til þess að greiða makabætur, örorkubætur o.fl. bætur. Þá falli til rekstarkostnaður, sem greiða þurfi. Í þessu felist samtryggingin sem liggja lífeyrissjóðnum til grundvallar. Þess vegna taki ákvæði samþykktar lífeyrissjóðsins um útreikning lífeyrisgreiðslunnar fyrst og fremst mið af því hlutverki hans að vera samtryggingarsjóður, en ekki hinu, hver sé hinn skattalegi skilningur á eðli lífeyrisgreiðslunnar. Óeðlilegt og óþarft væri að fjalla eitthvað sérstaklega um það í samþykktum lífeyrissjóðsins, enda sé tilgangur þeirra fyrst og síðast að mæla fyrir um réttarstöðu sjóðfélaga innbyrðis og gagnvart sjóðnum sjálfum. Þessi staðreynd, að samþykktirnar taki ekki sérstaklega á eðli greiðslunnar og skattalegi meðferð hennar, breyti að sjálfsögðu engu um það að í reynd sé um að ræða ávöxtun á hinu innborgaða iðgjaldi, og að í reynd skiptist lífeyririnn, sem stefnandi fái greiddan úr lífeyrissjóðnum, í höfuðstól og ávöxtunarhluta. Þá sé

augljóst að framsetningarmáti skilagreina lífeyrissjóðsins geti heldur engu um þetta breytt.

Samkvæmt þessu byggir stefnandi á því að sá hluti lífeyrisgreiðslu, sem sé umfram innborgað iðgjald, að teknu tilliti til skerðingar á grundvelli samþykktu lífeyrissjóðsins vegna samtryggingar og rekstrarkostnaðar, teljist samkvæmt eðli sínu vera ávöxtunarluti, og því fjármagnstekjur. Aukningin, sem verði við iðgjaldið, sé m.ö.o. í eðli sínu ávöxtun og tekjur af fjármagni, þótt útgreiðsla lífeyrisins úr lífeyrissjóðnum taki síðan mið af samtryggingarþættinum og sé þannig framkvæmd á grundvelli stigaútreiknings, sbr. einkum 10. og 11. kafli samþykktu Lífeyrissjóðs Framsýnar.

Stefnandi bendir á að við umræður á Alþingi um frumvarp til laga nr. 97/1996, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, hafi verið byggt þeim skilningi að lífeyrisgreiðslur skiptust í höfuðstól og ávöxtunarluta, en með þeim lögum hafi sérstakur, samræmdur fjármagnstekjuskattur verið lögtekinn. Við þær umræður hafi jafnframt komið fram að hægt væri að reikna út ávöxtunarluta lífeyrisgreiðslna, og þar með fjármagnstekjuskatt, ef því væri að skipta. Telur stefnandi að í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 6. tölulið 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, sé einnig byggt á skiptingu lífeyrisgreiðslna í höfuðstól og ávöxtunarluta, en í því ákvæði sé beinlínis rætt um vexti, verðbætur og aðra ávöxtun af lífeyrissparnaði.

Þótt ekki yrði fallist á það með stefnanda að skattalög teldust skilgreina ávöxtunarluta lífeyrisgreiðslnanna sem fjármagnstekjur, telur stefnandi það þó engu breyta, enda sé hér einnig á því byggt að hin meinta mismunun sem felist í því að skattleggja ávöxtunarluta lífeyrisgreiðslna með almennu tekjuskattshlutfalli, í stað þess að skattleggja þann hluta sem fjármagnstekjur með 10% skatthlutfalli, standist ekki jafnræðisreglur. Í því sambandi sé grundvallaratriði að um lögbýngaðan sparnað sé að ræða. Málatalibúnaðurinn snúist því ekki um ímyndað álitafni og feli ekki í sér beiðni um lögfræðilegt álit eingöngu, heldur hafi stefnandi ótvíræða lögvarða hagsmuni af úrlausn um kröfur sínar, sem byggist á raunverulegu, skilgreinanlegu og afmörkuðu sakarefni.

Stefnandi byggir á því að það standist ekki 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. viðauka nr. I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 14. gr. sáttmálans, að skattleggja við útborgun þann hluta greiðslna stefnanda úr lífeyrissjóði, sem til sé kominn vegna fjármagnstekna í formi ávöxtunar iðgjalda til lífeyrissjóðs, með sömu skattþrosentu og launatekjur, þegar litið sé til þess að aðrar fjármagnstekjur séu skattlagðar með 10% fjármagnstekjuskatti. Þótt iðgjöld launamanna og atvinnurekenda til lífeyrissjóða hafi lengst af verið frádráttarbær frá tekjum og lífeyrissjóðir ekki skattskyldir, breyti það ekki því að lífeyrisgreiðslur skattleggist sem tekjur hjá lífeyrisþega við útborgun, með almennu tekjuskattshlutfalli, og eigi það bæði við um inngreidd iðgjöld og fjármagnstekjur af þeim. Telur stefnandi það bæði eðlilegt og sjálfsagt að lífeyrisþegar, eins og hún, greiði skatt við útborgun lífeyris, en skylt sé að haga álagningu hans þannig að jafnræðis sé gætt.

Stefnandi bendir á að í 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sé mælt fyrir um vernd eignarréttarins. Ákvæðið banni ekki skatta, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, en í því felist hins vegar sérstök jafnræðisregla. Þá feli skatthugtakið í sér það skilyrði, að skatta verði að leggja á eftir almennum, efnislegum mælikvarða og jafnræðisreglu. Jafnræðisreglan hafi verið lögfest í 65.

gr. stjórnarskrárinnar með 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Í 1. mgr. hennar komi fram að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda, án tillits til þeirra atriða sem talin séu upp í ákvæðinu. Þannig sé óheimilt að mismuna mönnum með lögum, m.a. á grundvelli efnahags og stöðu að öðru leyti. Með lögfestingunni hafi jafnræðisreglan fengið ákveðnari og rýmri merkingu en sú óskráða meginregla, sem áður hafi gilt. Heldur stefnandi því fram að eftir lögfestingu reglunnar beri að gera auknar kröfur til þess að jafnræðis sé gætt í samskiptum ríkisvaldsins við borgarana, og að hin aukna réttarvernd hafi þýðingu, bæði með beinum hætti og við skýringu á 72. gr. stjórnarskrárinnar, að því er tekur til mismununar við álagningu skatta.

Að auki áréttar stefnandi að samkvæmt 1. gr. viðauka nr. I við mannréttinasáttmála Evrópu sé eignarrétturinn verndaður. Með 14. gr. sáttmálans sé lagt bann við mismunun gagnvart þeim réttindum sem sáttmálinn verndi, m.a. á grundvelli þjóðfélagsstöðu, eigna eða annarrar stöðu. Sáttmálinn hafi verið tekinn í íslensk lög, sbr. lög nr. 62/1994, 25/1998 og 128/2003.

Stefnandi heldur því fram að líta beri á ávöxtunarhluta lífeyrisgreiðslna sem tekjur af fjármagni og því sambærilegar við aðrar fjármagnstekjur, sem nú sé greitt af 10% fjármagnstekjuskattur. Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi sé slíkt ekki gert og feli það í sér ólögmeta mismunun, sem standist ekki gagnvart umræddum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttinasáttmála Evrópu.

Mismununin grundvallist í fyrsta lagi á því að tekjur, í formi ávöxtunar af iðgjaldi í lífeyrissjóði, séu skattlagðar með annarri og miklu hærri skattprósentu en tekjur af öðru fjármagni. Mismunandi skattprósenta á samkynja eða edlislíkar tekjur, þ.e. fjármagnstekjur, feli í sér mismunun sem ekki fái staðist, nema málefnaleg sjónarmið liggi henni að baki. Með þessu sé þeim, sem á hverjum tíma þurfi að greiða hærri skatt af tekjum af einni tegund fjármagns, þ.e. af ávöxtunarhluta lífeyris, mismunað gagnvart öðrum sem á sama tíma greiði miklu lægri skatt af tekjum af öðru fjármagni. Þannig sé stefnanda í þessu máli mismunað, en henni hafi verið lögskýlt að greiða í lífeyrissjóð.

Í öðru lagi er byggt á því að fyrirkomulagið feli í sér mismunun gagnvart stefnanda, vegna stöðu hennar sem lífeyrisþega í dag. Í því sambandi skipti höfuðmáli að áður en öllum varð skylt að greiða tiltekinn hluta tekna sinna í lífeyrissjóð, hafi sumir þeirra sem ekki voru launþegar í starfi fyrir aðra, getað lagt fyrir sparnað til efrí árána, t.d. með því að fjárfesta eingöngu í hlutabréfum, en ekkert greitt í lífeyrissjóð. Stefnandi, sem verið hafi launþegi, hafi ekki átt þetta val, en hafi hins vegar verið tilneydd að leggja fyrir í lífeyrissjóð. Í dag standi hún frammi fyrir því að löggjafinn hafi ákveðið að greiða skuli 10% fjármagnstekjuskatt af öllum fjármagnstekjum, öðrum en ávöxtunarhluta lífeyris. Í ljósi forsögunnar felist í þessu ótvíræð mismunun milli þeirra sem hafi fjármagnstekjur af lífeyrissparnaði, eins og stefnandi, og hinna sem hafi (einnig) tekjur af öðru fjármagni.

Í þriðja lagi reisir stefnandi mál sitt á því að núverandi fyrirkomulag á skattlagningu ávöxtunarhluta lífeyris feli í sér mismunun gagnvart stefnanda eftir efnahag hennar. Af áður nefndum ákvæðum skattalaga leiði, að þeir efnaminni, eins og stefnandi, eigi þess ekki kost að ávaxta tekjur sínar á þann hátt að þeir eigi möguleika á að geta „notið“ þeirrar skattprósentu, sem hinum efnameiri „standi til

boða“. Hinum efnameiri sé m.ö.o. gefinn kostur á að ávaxta fé umfram það sem þurfi til framfærslu og lagt hafi verið til iðgjalda, og greiða af því lægri skatt, nánar tiltekið 10% skatt af fjármagnstekjum. Stefnandi, sem hafi ekki átt fjármuni umfram framfærslu og það sem lagt hafi verið til iðgjaldagreiðslu, greiði almennan tekjuskatt af útborguðum lífeyri. Á þennan hátt sé stefnanda mismunað gagnvart hinum efnameiri. Í þessu sambandi sé grundvallaratriði að stefnanda hafi verið skylt samkvæmt lögum að greiða í lífeyrissjóð og hafi stefnandi þannig ekki átt neitt val um með hvaða hætti það fé var ávaxtað, sem hún var með lögum skylduð til að leggja í sparnað. Engu máli skipti þess vegna þótt hinir efnameiri kunni fyrst að hafa greitt almennan tekjuskatt af þeim tekjum sem þeir síðar fjárfesti í öðru fjármagni, t.d. hlutabréfum. Í reynd sé hér um að ræða tilvik, þar sem útkoman verði sú sama og ef um væri að ræða stighækkandi skatt eftir því sem efnahagur manna er lakari. Skattaálögur, sem leggist þannig sérstaklega þungt á einstaka menn eða fámennan hóp manna, standist ekki gagnvart tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu stefnanda er á það bent að hún teljist óumdeilanlega til þeirra hópa í þjóðfélaginu, sem búi við lökust kjör og hafi haft hvað lægstar tekjur í gegnum tíðina. Tekjur hennar hafi ekki dugað til lágmarksframfærslu og hafi hún þess vegna notið opinberrar aðstoðar. Samkvæmt skattframtali 2005, vegna tekjuársins 2004, hafi tekjur stefnanda samtals numið 1.473.238 krónum. Hafi þær skipst þannig, að stefnandi hafi fengið 269.636 krónur greiddar úr Lífeyrissjóði Framsýnar og 1.203.602 krónur sem lögbundnar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Af þessum greiðslum sé stefnanda gert að greiða 187.101 krónu í útsvar og 49.411 krónur í tekjuskatt, eða samtals 236.512 krónur í skatta. Af útreikningum ríkisskattstjóra á tekjum og sköttum einstaklinga fyrir tekjuárið 2004 megi ráða hversu bágborin tekju- og eignastaða stefnanda sé og hafi verið.

Stefnandi byggir á því að unnt sé að reikna út hlutfall ávöxtunar og iðgjalds í lífeyrisgreiðslum til stefnanda. Þannig hafi Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur, gert samanburð á skattgreiðslum stefnanda af lífeyrisgreiðslum árið 2004 samkvæmt gildandi skattareglum annars vegar, og skattgreiðslunum eins og þær væru, ef fallist yrði á sjónarmið stefnanda hins vegar, þ.e. ef ávöxtunarhluti lífeyrisgreiðslanna hefði verið skattlagður eins og aðrar fjármagnstekjur með 10% fjármagnstekjuskatti. Samkvæmt þeim útreikningum teljist vextir, verðbætur og/eða önnur ávöxtun 81% af útborguðum lífeyri frá Lífeyrissjóðnum Framsýn, en upphafleg iðgjaldagreiðsla stefnanda 19% af lífeyrisgreiðslunni. Fjármagnstekjur stefnanda hafi því verið 218.405 krónur af greiðslum frá sjóðnum árið 2004. Ef ávöxtunarhluti lífeyrisgreiðslanna hefði verið skattlagður eins og aðrar fjármagnstekjur yrði niðurstaðan sú að stefnandi ætti ekki að greiða neitt í tekjuskatt, í útsvar 152.535 krónur, en 21.841 krónu í fjármagnstekjuskatt, eða samtals 174.376 krónur. Tekjuskattur og útsvar myndu m.ö.o. lækka um 83.977 krónur og skattgreiðslan samkvæmt því vera lægri sem nemur 62.136 krónum á ársgrundvelli. Miðað við núverandi kerfi sé því um að ræða lækkan á skattgreiðslu í krónutölu um hvorki meira né minna en 26%. Kveðst stefnandi byggja á forsendum, sundurliðunum og útreikningum tryggingastærðfræðingsins, til stuðnings kröfu sinni, og skorar á stefnda að leggja fram gögn sem hnekki þeim.

Þótt hvorki yrði talið unnt að fallast á að fjárhæð ávöxtunarhluta lífeyrisgreiðslna stefnanda sé nákvæmlega sú sem stefnandi leggur til grundvallar

samkvæmt ofangreindum útreikningum Bjarna Þórðarsonar, né að slá fastri tiltekinni fjárhæð þeirra, byggir stefnandi engu að síður á því að heimilt sé að taka dómkröfu stefnanda um ógildingu til greina, enda teldist það þá í verkahring skattstjóra sem stjórnvalds að taka afstöðu til fjárhæðarinnar, á grundvelli rannsóknarreglu stjórnvaldsráðgjafarinnar, eftir atvikum að undangenginni lagasetningu af hálfu Alþingis. Leggur stefnandi á það áherslu að í málatilbúnaði hennar felist ekki krafa um að hún fái fjárgreiðslur úr ríkissjóði umfram aðra. Þvert á móti lúti málatilbúnaðurinn að því með hvaða hætti ríkisvaldinu sé heimilt með sköttum að „taka af“ henni hluta þess fjár, sem hún hafi unnið sér inn með störfum sínum og lagt fyrir og að ekki sé heimilt að tengja saman reglur um skattgreiðslur í ríkissjóði og reglur um skyldu til að leggja fyrir hluta af eignum til efri árunna, ef afleiðingarnar verði þær að menn eins og stefnandi, verði á grundvelli efnahags síns og stöðu að öðru leyti, svo miklu lakar settir en aðrir. Einu gildi hér þótt með upptöku sérstaks, samræmds fjármagnstekjuskatts samkvæmt lögum nr. 97/1996, hafi dregið úr þeirri miklu mismunun sem áður hafi viðgengist við skattlagningu tekna af fjármagni.

Stefnandi tekur fram að hún reisi mál sitt á því, aðallega, að hver og ein af ástæðunum sem haldið sé fram að feli í sér mismunun, fari sjálfstætt í bága við stjórnarskrárverndina, en til vara, að þær geri það tvær eða fleiri saman, enda helgist þær ekki af málefnalegum sjónarmiðum. Þótt ekki leiki vafi á að markmið og efnahagslegt mat löggjafans með skattlagningu fjármagnstekna hafi verið málefnalegt, þyki stefnanda engu að síður ljóst að umrætt fyrirkomulag á skattareglum helgist ekki af neinum málefnalegum, hlutlægum, nauðsynlegum eða eðlilegum ástæðum, þegar tekið sé mið af þeim afleiðingum sem mismununin hafi í för með sér gagnvart stefnanda. Þvert á móti sé fyrirkomulagið ómálefnalegt og því ólöglegt.

Af hálfu stefnanda er áréttáð, að ávöxtunarluti lífeyrisgreiðslna sé eini flokkur fjármagnstekna einstaklinga, sem ekki hafi verið felldur undir hinn samræmda 10% fjármagnstekjuskatt með lögum nr. 97/1996. Engar beinar skýringar finnast á því í undirbúningsgögnum frá löggjafanum. Á hinn bóginn sé þar fjallað um hvers vegna lífeyrissjóðirnir sjálfir skyldu undanþegnir skattinum, þ.e. ávöxtunartekjur lífeyrissjóðanna sjálfra, en það fyrirkomulag hafi verið talið eðlilegt. Ástæður löggjafans í því efni skipti þó engu máli gagnvart þeirri mismunun sem stefnandi hafi þurft að sæta. Engu breyti þótt sambærilegt fyrirkomulag kunni, í meginatriðum, að vera í öðrum löndum og lífeyrissjóðir kunni þar að vera undanþegnir skattinum. Ekki skipti hér heldur máli, þótt svo kunni að háttá til að lífeyrissjóðir á almennum markaði njóti ekki bakábyrgðar ríkis, eins og ávöxtun sjóða opinberra starfsmanna.

Eina röksemdin, sem löggjafinn tefli fram og virðist fela í sér afstöðu til skattlagningar á lífeyrisgreiðslurnar sjálfar þegar þær komi til útborgunar, sé sú að skattlagning bæði ávöxtunar lífeyrissjóðanna sjálfra og útborgaðs lífeyris, fæli í sér tvísköttun. Að dómi stefnanda sé þessi röksemd þó að hluta til byggð á misskilningi. Þannig hefði t.d. mátt koma í veg fyrir tvísköttun með því að fella niður almenna tekjuskattsskyldu af þeim hluta lífeyrisgreiðslna, sem feli í sér uppsafnaðar fjármagnstekjur. Þar væri um útfærsluatriði að ræða og hefðu hugleiðingar í þessa veru komið fram í umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka til efnahags- og viðskiptanefndar, er frumvarpið hafi verið til meðferðar á Alþingi. Samkvæmt því verði að álykta að löggjafanum hafi verið þetta ljóst. Á hinn bóginn

verði ekkert fullyrt um hver raunveruleg ástæða hafi verið fyrir því að þetta fyrirkomulag hafi orðið niðurstaðan. Leiði þetta til þeirrar ályktunar, að hlutlægmetið, hafi þetta fyrirkomulag í reynd ekki verið óhjákvæmilegt til að ná þeim markmiðum sem að hafi verið stefnt með lögnum. Raunar virðist stefnanda á reiki hvert markmiðið hafi verið með lögnum, að því er þetta atriði varði.

Stefnandi heldur því fram að engu breyti, varðandi umrædda mismunun gagnvart stefnanda í þessu máli, þótt lífeyrissjóðir greiði enga skatta og það kunni að koma lífeyrisþegum almennt til góða, m.a. með þeim sjálfsagða hætti að tekjur þeirra séu ekki tvískattaðar. Þá telur stefnandi ljóst að ekkert samband sé á milli frestunar á skattgreiðslum af iðgjaldi til lífeyrissjóðs og tilkomu 10% fjármagnstekjuskatts. Heimildin til þess að draga iðgjaldið frá skattstofni, áður en almennur tekjuskattur sé lagður á, hafi verið til staðar áður en sérstakur, samræmdur fjármagnstekjuskattur hafi verið tekinn upp með lögum nr. 97/1996. Meginástæðan fyrir þeirri heimild hafi fyrst og fremst verið sú að hvetja til lífeyrissparnaðar. Þá beri að hafa í huga að frestunin komi öllum lífeyrisþegum til góða, hvort sem þeir teljist í góðum efnunum eða efnalitlir eins og stefnandi. Lögjafinn geti hvenær sem er afnumið heimildina til frestunar, og séu þess dæmi að sú heimild hafi ekki verið í lögum um tíma. Frestun á skattgreiðslum af iðgjaldi til lífeyrissjóðs sé þannig ekki heldur forsenda fyrir núverandi skipan á skattgreiðslum af lífeyri. Frestunarheimild þessi breyti því engu um þá ólögsmætu mismunun, sem felist í reglum um skatt á lífeyrisgreiðslur að öðru leyti.

Með vísan til framanritaðs telur stefnandi sig hafa leitt í ljós að engin hlutlæg eða málefnaleg sjónarmið liggi að baki umræddum skattlagningarreglum. Verði stefndi að sýna fram á hið gagnstæða. Þá telur stefnandi að umrædd skipan á skattlagningu lífeyris samrýmist ekki jafnræðisreglu og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og tilgreindum ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Því beri að taka til greina kröfu hennar um að fella úr gildi áðurnefndan úrskurð skattstjórans í Reykjavík frá 11. apríl 2006.

Ef fallist yrði á kröfu stefnanda, tekur hún fram, að væntanlega kæmi það í hlut almenna lögjafans að mæla fyrir um með hvaða hætti og hvaða skattprósentu skyldi skattleggja þann hluta greiðslna stefnanda úr Lífeyrissjóðnum Framsýn tekjuárið 2004, sem teldist hafa falið í sér tekjur af fjármagni, þannig að fullnægt yrði kröfum 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. viðauka nr. I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 14. gr. hans, um jafnræði gagnvart stefnanda við álagningu tekjuskatts og útsvars á greiðslurnar, enda sé það hvorki í verkahring dómstóla að leggja á skatta né stefnanda að ákveða skattprósentuna. Byggt sé á því að það sé embættisskylda skattstjóra að leggja skattinn á að nýju, eftir atvikum að undangenginni lagasetningu Alþingis. Hins vegar sé það ótvírætt á valdsviði dómstóla að meta hvort almenni lögjafinn hafi gert almenn lög landsins þannig úr garði að þau fari í bága við þau réttindi borgaranna, sem njóti verndar í stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Dómstólar geti því jafnframt lagt mat á hvort ákvarðanir stjórnvalda, sem verði að eiga stoð í lögum og vera í samræmi við lög, séu lögsmætar eða ekki.

Kröfur sínar kveðst stefnandi byggja á 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. gr. viðauka nr. I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 14. gr. sáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994, 25/1998 og 128/2003. Krafa um málskostnað sé reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr.,

og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Um aðild vísist til dómvenju og um fyrirvar til 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 4. og 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, sbr. reglug. nr. 3/2004, 3. og 9. tölulið 5. gr. Um varnarþing sé vísað til 3. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda og lagarök

Til stuðnings sýknukröfu byggir stefndi á því að dómkröfur stefnanda varði ímyndað álitæfni og hagsmuni, sem ekki séu skilgreindir sem hluti af þeim lífeyrisgreiðslum sem stefnandi hafi fengið frá Lífeyrissjóði Framsýnar. Þær tekjur, sem stefnandi hafi fengið úr Lífeyrissjóði Framsýnar, hafi óumdeilanlega verið lífeyrir sem ekki hafi verið skipt í höfuðstól, annars vegar, og vexti og verðbætur, hins vegar. Af þeim hafi stefnanda borið að greiða tekjuskatt og útsvar, en ekki fjármagnstekjuskatt. Lífeyrir teljist ótvírætt til tekna samkvæmt 1. tölulílið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Tekjuskattur af tekjum samkvæmt 1. tölulílið A-liðar 7. gr. sé reiknaður samkvæmt 1. mgr. 66. gr. sömu laga, en ekki samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis eða C-lið 7. gr. laganna. Um leið mótmælir stefndi þeirri fullyrðingu stefnanda að hluti lífeyrisins sé fjármagnstekjur samkvæmt C-lið 7. gr. sömu laga, sem skattleggjast eigi með 10% skatti á fjármagnstekjur samkvæmt 3. mgr. 66. gr. laganna. Hafi álagning skattstjóra og úrskurður sá sem dómkröfur stefnanda lúti að, því verið í fullu samræmi við lög og á engan hátt í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár.

Sérstaklega sé kveðið á um það í 7. gr. laga nr. 75/1981, nú lögum nr. 90/2003, hvernig lífeyrir flokkist í skattalegu tilliti. Samkvæmt því teljist lífeyrir ekki til fjármagnstekna. Þá sé kveðið á um það í 6. tölulílið 2. mgr. 8. gr. laganna að „vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljist til tekna sem lífeyrir samkvæmt A-lið 7. gr., þegar slíkar greiðslur eru greiddar út“. Ákvæði 7., 8. og 66. gr. (áður 67. gr.) séu skýr um það að enginn hluti lífeyrisgreiðslna skattleggist sem fjármagnstekjur, heldur samkvæmt 1. mgr. 66. gr., og virðist ekki um það deilt í málinu. Lög standi ekki til þess að brjóta lífeyrisgreiðslur stefnanda niður á þann hátt sem hún geri og telja hluta þeirra vexti, verðbætur eða ávöxtun, en annað höfuðstól. Löggjafinn hafi einfaldlega tekið skýrt á þessu og fram hjá því verði ekki horft. Skilgreining lífeyris sem skattandlags liggi þannig ljós fyrir. Lífeyrir sé einfaldlega sú fjárhæð sem lífeyrisþegi fái greidda úr lífeyrissjóði samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Af hálfu stefnda er á það bent að mál þetta lúti að álagningu tekjuskatts og útsvars stefnanda tekjuárið 2004. Samkvæmt skattframtali hafi tekjur stefnanda annars vegar verið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð 1.203.602 krónur, og hins vegar frá Lífeyrissjóði Framsýnar að fjárhæð 269.636 krónur. Sakarefni málsins varði hluta af síðari lið þessara tekna, sem ókleift sé að skilgreina sem sérgreinda hagsmuni eða fjárhæð. Gildi þá einu þótt þess sé aðeins krafist að ákvörðun skattstjóra verði felld úr gildi að því leyti sem kröfum stefnanda hafi verið synjað.

Hvergi liggi fyrir ótvíræðar, tölulegar forsendur fyrir þeirri röksemd stefnanda að hluti teknanna sem skattlagðar voru teljist fjármagnstekjur, og hvaða hluti ekki, heldur sé í málsástæðum vísað til álits tryggingastærðfræðings, sem geymi útreikning, byggðan á ýmsum gefnum og óvissum forsendum og háðum ýmsum fyrirvörum. Um óþekkta stærð sé að ræða, sem hvorki stefnandi, stefndi eða Lífeyrissjóðurinn Framsýn hafi eða geti metið sérstaklega til fjár, sem skilgreindan hluta lífeyrisgreiðslna. Aðeins sé um að ræða lífeyrisgreiðslu, sem sannanlega hafi verið tekjur, og lög taki afstöðu til hvernig beri að skattleggja. Á framtali stefnanda sjáist að tekjur úr lífeyrissjóði nemi ósundurgreint 269.636 krónum. Áliti tryggingastærðfræðings, sem fram sé lagt í málinu, mótmæli stefndi sem röngu og þýðingarlausu, enda sé sá útreikningur miðaður við alls kyns óvissuþætti og háður miklum fyrirvörum. Útlistunum í stefnu á þessum grundvelli sé að sama skapi mótmælt.

Í bréfi tilvitnaðs tryggingastærðfræðings sé að finna útreikning sem miðist við tekjur stefnanda og þess freistað, að beiðni lögmanns stefnanda, að meta með útreikningum hvernig lífeyrisgreiðslur hennar á árinu 2004 hafi skipst, annars vegar í höfuðstól eða uppsöfnuð iðgjöld, og hins vegar verðbætur og vexti. Eins og fram komi í bréfi tryggingastærðfræðingsins miði hann við að 81% greiðslna úr lífeyrissjóðnum megi líta á sem fjármagnstekjur (218.405 krónur), en að gefnum tilteknum og umdeildum forsendum. Í mati hans séu þó settir mikilvægir fyrirvarar, t.d. að sjóðurinn greiði einnig örorku-, maka- og barnalífeyri.

Stefndi heldur því fram að meginniðurstaða tryggingastærðfræðingsins um skiptinguna 19% og 81%, og töluleg framsetning stefnanda á því hlutfalli byggð, sé röng, þar sem hún sæki enga stoð í réttarsamband stefnanda við Lífeyrissjóðinn Framsýn, hvorki að lögum né samkvæmt samþykktum sjóðsins. Útreikningur hans sé því byggður á allt öðrum forsendum en samþykktir lífeyrissjóðsins gefi til kynna, fyrir utan það að vera ekki í samræmi við raunveruleikann, þar sem sjóðurinn geri enga skilgrein fyrir vöxtum eða verðbótum eða skilgreini slík réttindi sem hluta af lífeyrisgreiðslum. Stefnandi hafi ekki sannað að sjóðurinn geri nokkurn greinarmun á höfuðstól, annars vegar, og verðbótum og vöxtum, hins vegar, þegar lífeyrir sé greiddur.

Þótt talið yrði unnt að sundurgreina lífeyrisgreiðslur með þeim hætti sem stefnandi geri, mótmælir stefndi því að sú skipan laga sem að framan sé lýst brjóti í bága við 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. gr. viðauka nr. I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 14. gr. sáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994 og 25/1998. Hið sama eigi við um þá röksemd stefnanda að það feli í sér ólögmæta mismunun með tilliti til skerðingar á stjórnskipulega vernduðum eignum stefnanda, að skattleggja ávöxtunarhluta greiðslna úr lífeyrissjóði með sömu skattprósentu og launatekjur, en ekki með sömu skattprósentu og tekjur af öðru fjármagni, þ.e. 10% skatti á fjármagnstekjur.

Stefndi byggir á því að jafnræðisregla stjórnarskrár lúti að því hvort einstaklingum sé mismunað. Stefnandi hafi hvergi leitt rök að því að hún sæti annars konar meðferð að lögum en aðrir í sambærilegum tilvikum. Stefnandi leggi áherslu á að það geti ekki talist mismunun í skilningi 65. gr. stjórnarskrár, þótt mismunandi reglur gildi um mismunandi tekjur. Breyti þá engu hvort stefnandi hafi á einhverjum tíma tekjur eða eignir aflögu til ávöxtunar, þannig að

fjármagnstekjuskattur yrði greiddur af eða ekki. Stefnandi greiði eins og aðrir tekjuskatt samkvæmt 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 af lífeyrisgreiðslum sem hún fái og fjármagnstekjuskatt þegar og ef slíkum tekjum sé til að dreifa. Fyrir liggja að lífeyrisgreiðslur stefnanda voru að engu leyti fjármagnstekjur eða þess eðlis að geta talist fjármagnstekjur.

Stefndi tekur fram, að allt frá því að lög nr. 75/1981 öðluðust gildi hafi greiðslur úr lífeyrissjóði verið skattlagðar eins og laun, og því fallið undir almennu regluna í 7. gr. þeirra laga. Með lögum nr. 97/1996 hafi engin breyting falist í skattlagningu launatekna samkvæmt 7. gr. Lögin mismuni ekki skattaðilum þannig að í bága fari við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, enda séu allar lífeyrisgreiðslur, bæði frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum, skattlagðar á sama hátt, og tilteknum hópi manna eða einstaklingum ekki gert hærra undir höfði en öðrum. Að mati stefnda tjái ekki að bera saman launþega og suma þá sem ekki voru launþegar í starfi fyrir aðra, frá einum tíma til annars. Sá samanburður feli í sér mikla og óraunhæfa einföldun. Mönnum hafi verið kleift að leggja til efri árána sparnað í ýmsu formi, burtséð frá því hvort eða í hvaða lífeyrissjóði þeir greiddu. Með upptöku fjármagnstekjuskatts hafi dregið úr þeim mun sem áður hafi verið milli skattlagningar launatekna (og greiðslna úr lífeyrissjóðum) annars vegar og fjármagnstekna hins vegar um 10 prósentustig. Til þess að um brot á jafnræðisreglu sé að ræða verði að vera öldungis sambærileg tilvik sem meðhöndluð séu á mismunandi hátt. Um það sé ekki að ræða. Við skattlagningu fjármagnstekna verði einnig að hafa í huga að greiddur sé fullur tekjuskattur af tekjum, og því aðeins unnt að ávaxta þann hluta teknanna sem eftir standi. Skattlagning lífeyris í samræmi við gildandi lög sé þannig ekki brot á jafnræði miðað við aðra sem hafi tekjur umfram lífeyrisgreiðslur, og ávaxti þann hluta með þeim afleiðingum að fjármagnstekjuskattur greiðist af.

Stefndi byggir einnig á því að líta verði til eðlis lífeyrisgreiðslna, en þær eigi í raun ekkert skylt við fjármagnstekjur. Þegar greitt sé í lífeyrissjóð feli það í sér tiltekna ráðstöfun á tekjum, sem ekki verði jafnað við sérgreint innlegg á banka. Lífeyrir geti því ekki talist til fjármagnstekna, hvorki í heild né að hluta. Þannig geti ekki verið um sambærileg tilvik að ræða í skilningi 65. gr. stjórnarskrár. Greiðsla iðgjalda sé varanleg ráðstöfun tekna, sem myndi ekki eign í skattalegum skilningi, ólíkt því sem gildi t.d. um innlegg á banka. Þvert á móti feli greiðslan í sér afsal á eign (andvirði iðgjaldanna) til lífeyrissjóðsins. Því sé ekki um að ræða ávöxtun stefnanda á nokkurn hátt. Eigi ráðstöfun iðgjaldsins þannig meira skylt við kaup á tryggingu en innlegg í banka. Með þeirri ráðstöfun eignist viðkomandi aðili á hinn bóginn lífeyrisréttindi, sem feli í sér rétt til greiðslu á lífeyri, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Skilyrðin geti verið mismunandi, og í reynd geti svo atvikast að hvorki viðkomandi iðgjaldagreiðandi né erfingjar hans fái nokkurn tímann greiðslu úr lífeyrissjóðnum, t.d. ef maður deyr fyrir töku lífeyris og á ekki niðja eða eftirlifandi maka. Á sama hátt geti svo komið fyrir að sjóðfélagi fái miklu meira en sem nemur greiddum iðgjöldum og eðlilegri ávöxtun þeirra, ef hann lifir lengur en gert sé ráð fyrir í tryggingafræðilegum útreikningi sjóðsins. Þannig geti það sem fáiast í lífeyri bæði verið meira, og eftir atvikum minna, en svari til iðgjalda og ávöxtunar þeirra. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að beint samhengi sé milli þeirra iðgjalda sem hún hafi greitt í lífeyrissjóð og þess lífeyris sem hún fái greiddan úr sjóðnum, enda sé þar almennt ekki beint samhengi. Auk þess sem þegar sé nefnt, megi í dæmaskyni benda á að í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins miðist útborgaður lífeyrir við svokallaða eftirmannsreglu, en sé ekki framreikningur.

Meginatriðið sé þó að lífeyrir og réttur til lífeyris sé að skattarétti skilgreindur með allt öðrum hætti en sparnaður á borð við innstæðu í banka.

Af hálfu stefnda er á það bent að ekki verði ráðið af lögum nr. 129/1997 að lífeyrissjóðum sé skylt að gera sjóðfélögum eða lífeyrisþegum sérstaklega skilagrein fyrir verðbótum, vöxtum eða ávöxtun, sbr. 18. gr. laganna. Aðeins sé þar kveðið á um skráningu og upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, greiðslutímabil og áunnin réttindi og önnur atriði, sem geti haft áhrif á rétt til lífeyris. Því sé það á forræði viðkomandi lífeyrissjóðs hvernig hann ávaxti og varðveiti tekjur sínar af iðgjöldum eða öðru, og standi við skuldbindingar sínar. Málatilbúnaður stefnanda varði ímyndaða hagsmuni sem hvorki henni, Lífeyrissjóðnum Framsýn né skattyfirvöldum sé kleift eða skylt að skilgreina sem hluta af lífeyrisgreiðslum þeim sem hún hafi fengið, að öðru leyti en því að þær skattleggist allar eftir 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 (áður 1. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981), en ekki sem fjármagnstekjur. Það hafi löggjafinn einnig áréttað sérstaklega í 8. gr. laganna, þannig að ljóst sé að allar lífeyrisgreiðslur skattleggist eins, einnig þegar um séreignarsjóði sé að ræða, og að þær skattleggist við útborgun. Í tilviki stefnanda sé ekki um að ræða neinn hluta lífeyris sem skilgreindur sé sérstaklega sem vextir, ávöxtun eða verðbætur. Því sé óraunhæft að brotið sé gegn eignarréttarákvæði eða jafnræðisreglu stjórnarskrár varðandi hagsmuni sem í raun séu ekki skilgreindir sérstaklega á þann hátt sem stefnandi ráðgeri.

Hvað varði Lífeyrissjóðinn Framsýn sérstaklega, þá sé ljóst af samþykktum hans að lífeyrisgreiðslur séu ekki í beinu sambandi við iðgjöld. Sjóðurinn skilgreini ekki gagnvart sjóðfélaga hvort eða hvaða hluti ávöxtunar hans eða verðtryggingar skili sér til hvers og eins. Af samþykktunum verði ráðið að iðgjöld séu umreiknuð í stig sem myndi grundvöll lífeyrisréttinda. Til grundvallar stigaútreikningi sé ákveðin „grundvallarfjárhæð“ sem háð sé breytingum við tilteknar aðstæður. Ellilífeyrir sé hundradshluti af þessari grundvallarfjárhæð, miðað við tilteknar reikningsforsendur. Þá séu þar ákvæði um flýtingu eða seinkun lífeyris, heimildir til greiðslu örorkulífeyris, sérákvæði um maka- og barnalífeyri og annað sem geri það að verkum að ekki sé unnt að líkja lífeyrisgreiðslum við fjármagnstekjur að neinu leyti. Þannig sé það röng forsenda í stefnu að þegar útborgun lífeyris hafi átt sér stað af hálfu Lífeyrissjóðsins Framsýnar hafi einhver hluti greiðslunnar verið vextir, verðbætur eða önnur ávöxtun. Einfaldlega hafi verið um lífeyri að ræða, ósundurgreint. Þess vegna geti ekki verið um mismunun að ræða. Engu að síður hafi löggjafinn kveðið sérstaklega á um í 8. gr. laga nr. 75/1981 að vexti, verðbætur og aðra ávöxtun af lífeyrisgreiðslum beri að skattleggja sem tekjur, enda geri lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ráð fyrir því að lífeyrissparnaður geti verið margbreytilegur, m.a. með því að geymast á sérstökum reikningum í banka. Sú tilhögun eigi ekki við í tilviki stefnanda. Árétting löggjafans sé hins vegar til að taka af tvímæli um að í öllum tilvikum verði gætt jafnræðis við skattlagningu lífeyris við útborgun hans, og að ekki skuli með hann fara sem fjármagnstekjur.

Stefndi mótmælir þeim röksemdum stefnanda að engu breyti þótt lífeyrissjóðurinn sjálfur eða samþykktir hans gangi ekki út frá því að tiltekinn hluti lífeyrisgreiðslna sé í eðli sínu fjármagnstekjur. Að áliti stefnda skipti það engu máli þótt einstakir þingmenn hafi talið að unnt væri að reikna út skiptingu lífeyris á einhvern hátt, enda sé slíkt ekki ráðgert í lögum eða milli stefnanda og lífeyrissjóðsins. Að mati stefnda fái ekki staðist sú málsástæða stefnanda að sá hluti

lífeyrisgreiðslna, sem sé umfram innborgað iðgjald, að teknu tilliti til skerðingar á grundvelli samþykktu lífeyrissjóðsins vegna samtryggingar og rekstarkostnaðar, teljist vera ávöxtunarluti og því fjármagnstekjur. Á sama hátt standist ekki sú röksemd stefnanda að engu breyti þótt lög eða réttarsamband stefnanda við lífeyrissjóð skilgreini ekki ávöxtunarluta lífeyrisgreiðslna sem fjármagnstekjur, enda eigi stefnandi eftir sem áður kröfu til þess að fá úrlausn um hvort skattleggja beri hluta greiðslunnar sem fjármagnstekjur. Bendir stefndi á að sakarefni verði a.m.k. að endurspeglar raunhæfar staðreyndir til að unnt sé að fella dóm á það, hvað þá til að fallast á málatilbúnað stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé hins vegar í öllum tilvikum ímyndaður og eigi sér enga stoð.

Stefndi byggir einnig á því að það sé grundvallaratriði í skattlagningu að allar tekjur séu skattlagðar, annaðhvort þegar teknanna er aflað eða þegar þær koma til útborgunar sem lífeyrir. Bendir hann á að iðgjöld launþega í lífeyrissjóði hafi lengst af verið skattfrjáls og iðgjöld vinnuveitanda alltaf. Þá greiði lífeyrissjóðir hvorki skatt af eignum sínum né tekjum. Ekki sé eðlilegt að þeir sem hafi fengið iðgjald undanþegið frá skatti njóti einnig ívilnunar í skatti við útborgun lífeyris. Mat löggjafans sé hins vegar að eðlilegt sé að við útborgun leggist tekjuskattur á lífeyrisgreiðslur, en ekki fjármagnstekjuskattur. Að dómi stefnda feli slík skattlagning ekki í sér mismunun félaga í lífeyrissjóði í óhag, eins og stefnandi haldi fram. Þvert á móti felist í því nokkuð skattalegt hagræði fyrir stefnanda, í samanburði við þann sem spari utan lífeyrissjóðakerfisins. Reiknað hafi verið út og borin saman skattlagning lífeyrissparnaðar, annars vegar miðað við gildandi lög, og hins vegar miðað við breytta tilhögun, þar sem iðgjöld yrðu ekki frádráttarbær og hugsanlegir uppsafnaðir vextir bæru 10% fjármagnstekjuskatt við útgreiðslu lífeyris. Hafi niðurstaðan orðið sú að núverandi skattlagningarkerfi lífeyrisgreiðslna sé lífeyrisþegum mun hagstæðara en breytt tilhögun. Telur stefndi að núverandi fyrirkomulag við skattlagningu lífeyris geti alls ekki talist brot á 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, enda sé skattlagningin ekki há miðað við það sem gildi um t.a.m. launatekjur, sem skattlagðar séu eftir sama skattstiga. Hafi tekjur á hinum ýmsu tímum verið skattlagðar í herra skatthlutfalli en nú tíðkist, án þess að í slíkri skattlagningu hafi falist brot á friðhelgi eignarréttarins.

Stefndi heldur því fram að ekki fái staðist þær fullyrðingar stefnanda að núverandi fyrirkomulag við skattlagningu lífeyris stangist á við mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hafi verið hér á landi með lögum nr. 62/1994, sbr. og lög nr. 25/1998, og feli í sér ólögmæta skattalega mismunun honum í óhag. Þvert á móti telur stefndi að skattlagning á lífeyri standist fyllilega stjórnskipunarlög og þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hafi undirgengist í alþjóðasamningum um mannréttindi.

Í fyrsta lagi byggir stefndi á því að skattlagning lífeyris fari ekki í manngreinaálit og nái þannig til allra, óháð stétt og stöðu, og skipti engu máli hvenær taka lífeyris hefjist. Lífeyrisþegar geti verið einstaklingar á öllum aldri, allt frá kornabörnum til aldraðra. Því sé óraunhæft að mismunun sé til að dreifa. Stjórnarskrá lýðveldisins setji tilteknar skorður við því hvernig skattamálum skuli skipað. Þannig sé gerð sú krafa að skattamálum sé skipað með lögum og ákvarðanir þar um ekki settar í hendur stjórnvöldum.

Í öðru lagi er á því byggt að heimildin til að leggja á skatta sé einn af hornsteinum fullveldis hvers sjálfstæðs ríkis og almennt sé ríkjum játað talsvert sjálfðæmi um það hvernig þau skipi sínum skattamálum, án þess að skattareglur verði taldar brjóta í bága við mannréttindareglur. Þess vegna sé ekki að finna marga dóma mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem efnisákvæði skattalaga einstakra ríkja hafi verið talin andstæð reglum mannréttindasáttmála Evrópu, og aldrei hafi dómstólinn komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að skattleggja eina tekjutegund á annan veg en aðra. Alþekkt sé í skattalöggjöf, bæði héraðs og erlendis, að einstakar tekjutegundir séu skattlagðar með mismunandi hætti. Hafi slíkt ekki verið talið fela í sér ólögmdæta mismunun, heldur rúmast innan sjálfsákvörðunarréttar þjóðanna, svo fremi sem skattlagningin sé innan eðlilegra marka. Í sumum ríkjum tíðkist tekjuskattur sem geti verið í yfir 60% skatthlutfalli á einstakar tekjur og hafi það ekki verið talin svo óhófleg skattlagning að brjóti í bága við mannréttindaákvæði alþjóðasamninga, svo kunnugt sé. Skattlagning lífeyris sé langt undir þessu og raunar sambærileg og skattlagning á almennar launatekjur. Þótt mismunandi tekjur sæti mismunandi skattlagningu sé mönnum eða lögaðilum ekki mismunað á þann hátt að fari gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu. Þvert á móti endurspegli mismunandi skattareglur þá staðreynd að löggjafarvaldið hafi umtalsvert sjálfðæmi um það hvernig það skipi sínum skattamálum. Sú skipan sem löggjafinn hafi ákveðið á skattlagningu lífeyris sé vel innan þess ramma sem markaður sé af stjórnskipunarreglum og mannréttinda ákvæðum.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda að um mismunun sé að ræða á grundvelli efnahags og bendir á að í þeim ákvæðum laga, sem um sé deilt í málinu, sé efnahagur skattaðila, í þeim skilningi sem stefnandi leggi upp með, ekki efnisatriði. Það sé einfaldlega tekjurnar sjálfar og eðli þeirra sem ráði úrslitum um hvernig þær séu skattlagðar samkvæmt lögnum. Að þessu leyti sé málsástæða stefnanda huglæg og gangi út frá því að hinum efnameiri standi til boða önnur skattlagning en hinum efnaminni. Engri slíkri mismunun sé til að dreifa í þeim ákvæðum laga sem stefnandi vísi til. Verði þeirri aðstöðu sem stefnandi lýsi huglægt, á engan hátt jafnað til stighækkandi skattalagningar, henni í óhag. Löggjafinn taki með öðrum hætti á því hvernig bregðast skuli við bágum efnahag, m.a. með ákvæðum í skattalögum. Að mati stefnda sé í þessu tilliti ókleift að ganga út frá því að tekjur stefnanda séu almennt undir því sem geti talist lágmarksframfærsla. Ekki eigi heldur undir dómstóla að meta hver sé lágmarksframfærsla, eða hvort tekjur stefnanda séu þar undir. Röksemdir stefnanda sem að þessu lúta séu á hinn bóginn ekki í samhengi við sakarefni málsins og fái ekki hnekkt því mati löggjafans að í öllum tilvikum beri að greiða tekjuskatt af lífeyrisgreiðslum.

Samkvæmt ofanrituðu byggir stefndi á því að skattaleg meðferð lífeyrisgreiðslna til stefnanda samrýmist fyllilega ákvæðum stjórnarskrárinnar, sbr. 40. gr., 77. gr., eignarréttarákvæði 72. gr. og jafnræðisreglu 65. gr. Um skattlagningu lífeyrisgreiðslna fari með sama hætti hjá öllum sem fái greiðslur úr lífeyrissjóðum. Lögin mismuni ekki skattaðilum þannig að fari í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar, enda séu allar lífeyrisgreiðslur, bæði frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum skattlagðar á sama hátt, og einum hópi manna eða einstaklingum ekki gert mishátt undir höfði. Það sé undirorpið vilja löggjafans hvort ástæða sé til að skattleggja lífeyrisgreiðslur með öðru skatthlutfalli en því

sem almennt gildi, en ekki túlkun á gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hvort ákvæði þeirra fari í bága við fyrrgreind ákvæði stjórnarskrár. Telur stefndi að sú tilhögun laga sem um sé deilt sé fyllilega málefnaleg og sanngjörn og byggð á jafnræði. Jafnræðisreglan geti ekki helgað réttindi eða stofnað til skattlagningar sem ekki eigi sér stoð í lögum. Reglan geri ekki auknar kröfur frá því sem áður var talið að í henni fælist fyrir stjórnskipunarlög frá 1995. Engin stoð sé fyrir því í lögum að skattleggja sem fjármagnstekjur hluta af lífeyri stefnanda, heldur kveði löggjafinn á um að lífeyrir skuli skattlagður sem tekjur, eins og framan greini. Áréttar stefndi að löggjafinn eigi fullnaðarmat um það á hvern hátt hann telji að skattleggja beri ýmiss konar tekjur.

Til stuðnings kröfum sínum um málskostnað vísar stefndi í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Stefnda þykir ástæða til að taka fram að áskoranir stefnanda eigi sér enga stoð í lögum nr. 91/1991 og geti því ekki leitt til réttarspjalla fyrir stefnda að verða ekki við þeim. Hvergi sé skorað á hann að leggja fram tiltekið skjal eða gagn, heldur óskað eftir samantekt upplýsinga, rannsóknnum eða sönnunarfærslu til að hnekkja málatilbúnaði stefnanda.

Niðurstaða

Í máli þessu gerir stefnandi þá kröfu að felldur verði úr gildi úrskurður skattstjórans í Reykjavík frá 11. apríl 2006, málsnúmer 2005082550, að því leyti sem kröfum hennar var þar hafnað. Með þeim úrskurði synjaði skattstjóri kröfu stefnanda um að felld yrði niður álagning tekjuskatts og útsvars á stefnanda vegna tekjuársins 2004, að því leyti sem með henni var lagður 25,75% tekjuskattur og 12,70% útsvar á þær tekjur sem stefnandi taldi að væru ávöxtunarluti lífeyrisgreiðslna hennar úr Lífeyrissjóðnum Framsýn, og því fjármagnstekjur. Á árinu 2004 námu lífeyrisgreiðslur stefnanda úr Lífeyrissjóðnum Framsýn alls 269.636 krónum.

Með úrskurði dómsins 13. október 2006 var hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins frá dómi með þeim rökstuðningi að stefnandi hefði af því lögvarða hagsmuni að skorið yrði úr því fyrir dómi hvort skattstjóri hefði lagt skatt á stefnanda að réttum lögum. Í því efni skipti ekki máli þótt ekki lægi skýrlega fyrir hver væri fjárhæð þess skattstofns sem stefnandi taldi að of hár skattur hefði verið lagður á.

Eins og fram er komið heldur stefnandi því fram að lífeyrisgreiðslur byggist upp á tveimur þáttum, annars vegar innborguðu iðgjaldi, sem sé höfuðstóll, og hins vegar ávöxtun hans, þ.e. vöxtum, verðbótum og annarri ávöxtun. Þar sem síðarnefndi þátturinn feli í sér tekjur af fjármagni, beri að skattleggja þær tekjur sem fjármagnstekjur með 10% skattprósentu, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Hins vegar er ekki ágreiningur um það að greiða skuli að öðru leyti

almennan tekjuskatt af lífeyrisgreiðslum, þegar þær eru greiddar út, sbr. 1. mgr. 66. gr. sömu laga.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er það meginregla að greiða skuli tekjuskatt af öllum tekjum sem aflað er. Lögin eru þó ekki án undantekninga, sbr. 4. gr. þeirra, en þar segir í 6. tl. að meðal þeirra sem ekki greiði tekjuskatt séu lífeyrissjóðir sem starfi samkvæmt III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í 4. tl. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003 kemur fram að frá skattskyldum tekjum launþega megi draga iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, allt að 4% af iðgjaldstofni. Að sama skapi mega lögaðilar draga frá tekjum þau iðgjöld sem greidd eru til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna í lífeyrissjóði, sbr. 1. tl. 31. gr. Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna telst almennt ekki til tekna hjá launþega, sbr. 5. tl. 28. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 telst lífeyrir til skattskyldra tekna. Hinu sama gegnir um vexti, verðbætur og aðra ávöxtun af lífeyrissparnaði, sem teljast þá til tekna sem lífeyrir samkvæmt A-lið 7. gr. þegar slíkar greiðslur eru greiddar út, sbr. 6. tl. 2. mgr. 8. gr. laganna. Skiptir þá ekki máli þótt tekjur þessar, vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af sparnaði falli öðru jöfnu í flokk fjármagnstekna. Tekjurnar eru engu að síður skattlagðar með sömu skattprósentu og launatekjur, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 og 23. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 97/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var tekinn upp sérstakur 10% skattur á allar fjármagnstekjur einstaklinga. Markmið laganna var m.a. að auka samræmi í skattlagningu tekna og stuðla að tekjujöfnuði, en vaxtatekjur voru þá skattfrjálsar. Í því sambandi var bent á að efnameiri einstaklingar nytu yfirleitt meiri vaxtatekna en hinir efnaminni. Lögin höfðu engin áhrif á skattlagningu lífeyris, sem eftir sem áður var skattlagður sem laun samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Með lögum nr. 154/1998 var enn gerð breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Var þá einum tölulið bætt við 2. mgr. 8. gr. laganna, þ.e. 6. tölulið, eins og hann er nú í gildandi lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, áður lögum nr. 75/1981. Í athugasemdum með frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 154/1998 kemur fram að lagt sé til að kveðið verði skýrt á um að 1. tl. 2. mgr. 8. gr. laganna eigi ekki við um tekjur af vöxtum, verðbótum og annarri ávöxtun lífeyrissparnaðar, heldur komi þær tekjur ekki til skattlagningar fyrr en við útborgun á lífeyri og teljist þá til tekna samkvæmt A-lið 7. gr. og skattleggist í almennum skatthlutfalli, en ekki sem fjármagnstekjur. Jafnframt var tekið fram að eðlilegt þætti að greiðslur þessar væru skattlagðar hjá móttakanda þegar þær kæmu til útborgunar, þar sem greiðslur í lífeyrissjóðina væru frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum. Ekki verður séð að með þeirri viðbót sem fólst í lögfestingu 6. tl. 2. mgr. 8. gr. lag nr. 75/1981 hafi falist nein efnisleg breyting á skattalegri meðferð lífeyrisgreiðslna frá því sem áður gildi.

Um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gilda nú lög nr. 129/1997. Samkvæmt þeim er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði. Í skyldutryggingu lífeyrisréttinda felst og skylda til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs, sem ákveðið er í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Samkvæmt 2. gr. laganna var lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs 10% af iðgjaldsstofni. Fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 giltu um sama efni lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og þar áður lög nr. 9/1974, um starfskjör launþega o.fl. Samkvæmt síðastnefndu lögnum náði skyldutrygging lífeyrisréttinda þó aðeins til launamanna. Þar var heldur ekki mælt fyrir um lágmarksiðgjald, en þess í stað sagði að iðgjald skyldi ákveðið í reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs. Lengst af hefur lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs því verið 10% af iðgjaldsstofni og skipst þannig hjá launamönnum að starfsmaður greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.

Í III. kafla laga nr. 129/1997 er að finna inntak samtryggingarinnar, sem einkennir núgildandi lífeyriskerfi landsmanna. Þar eru m.a. ákvæði um ávinnslu réttinda til handa sjóðfélaga, maka hans og börnum ef því er að skipta, til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris, hvenær hefja skuli útborgun ellilífeyris, hvenær sjóðfélagi eigi rétt til örorkulífeyris og maki og börn til lífeyris, um verðtryggingu lífeyrisgreiðslna, um skyldu lífeyrissjóðs til að upplýsa sjóðfélaga um réttindi sín, ásamt fleiru sem lýtur að réttindum sjóðfélaga. Í IV. kafla laganna er kveðið á um almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar og ávöxtun á fé lífeyrissjóða. Kemur þar fram að iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skuli ávaxta sameiginlega með innlánnum í bönkum og sparisjóðum eða í framsejlanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Stefnandi átti aðild að Lífeyrissjóðnum Framsýn og áður forvera hans, Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, og þangað runnu iðgjöld hennar frá og með janúarmánuði 1980 til ársloka 1995. Í samþykktum fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn er að finna ýmis ákvæði um hlutverk sjóðsins og réttarstöðu sjóðfélaga, auk fyrirmla um ávöxtun sjóðsins, grundvöll lífeyrisréttinda og annað sem starfseminni tengist.

Af ákvæðum tilvitnaðra laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og samþykktum fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn, er ljóst að almennt er ekki beint samhengi milli þeirra iðgjalda sem sjóðfélagi greiðir til lífeyrissjóðsins og þess lífeyris sem hann síðar kann að fá greiddan úr sjóðnum, enda liggur það í eðli hinnar sameiginlegu tryggingaverndar lífeyrissjóðsins.

Óumdeilt er að lífeyrissjóðir, sem starfa á grundvelli samtryggingar, sundurgreina ekki lífeyrisgreiðslu til lífeyrisþega, hvorki hlutfallslega né með tilgreiningu fjárhæða, þannig að sjá megi á skilagrein eða með öðrum hætti hvað sé höfuðstóll og hvað ávöxtun. Greiðslan er aðeins innt af hendi sem lífeyrir, ósundurgreint, enda er hvorki í lögum né samþykktum lífeyrissjóða að finna

ákvæði sem mælir fyrir um slíka skiptingu lífeyrisgreiðslunnar eða vísbendingu um að gerður sé greinarmunur á þessu tvennu við útborgun lífeyris. Raunar verður að telja að slík skipting sé nokkrum vandkvæðum bundin vegna eðlis samtryggingarinnar og þess að innborguð iðgjöld ávinna sjóðfélögum tiltekin réttindi til lífeyrisgreiðslna, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, en mynda ekki séreign sjóðfélaga. Þrátt fyrir það heldur stefnandi því fram að unnt sé á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga að reikna út hlutfall hvors þáttar í lífeyrisgreiðslu stefnanda, og hefur því til stuðnings lagt fram útreikninga tryggingastærðfræðings. Samkvæmt þeim nema vextir, verðbætur og/eða önnur ávöxtun 81% af útborguðum lífeyri til stefnanda á árinu 2004, en höfuðstóll 19%. Að þeim niðurstöðum fengnum telur tryggingastærðfræðingurinn að fjármagnstekjur stefnanda hafi numið 218.405 krónum af lífeyrisgreiðslum frá lífeyrissjóðnum á árinu 2004.

Þótt stefndi hafi ekki hnekktt umræddum útreikningum, verður engu að síður ekki fram hjá því litið að niðurstaðan byggist á ýmsum gefnum forsendum sem eiga sér ekki stoð, hvorki í lögum né samþykktum fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn. Því geta þeir útreikningar ekki haft neina þýðingu fyrir úrslit málsins. Hins vegar má fallast á það með stefnanda að í lífeyrisgreiðslu til lífeyrisþega geti falist ávöxtun af lífeyrissparnaði sjóðfélaga, enda mæla lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem og samþykktir fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn, fyrir um að fé sjóðsins skuli ávaxtað með bestu fáanlegu kjörum. Þá gerir 6. tl. 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, beinlínis ráð fyrir því að í lífeyrissparnaði kunni að felast vextir, verðbætur og önnur ávöxtun. Í sama ákvæði er þó afdráttarlaust mælt fyrir um að slík ávöxtun skuli teljast til tekna sem lífeyrir samkvæmt A-lið 7. gr., þegar slíkar greiðslur eru greiddar út. Að því leyti er engum vafa undirorpið að lífeyri ber að skattleggja með sömu skattprósentu og launatekjur, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, og skiptir þá engu máli þótt greiðslan kunni að vera samsett úr innborguðu iðgjaldi sjóðfélaga og ávöxtun sjóðsins.

Stefnandi byggir einnig á því að það fyrirkomulag sem löggjafinn hafi ákveðið við skattlagningu lífeyristekna feli í sér ólögmdæta mismunun og brjótí í bága við 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. viðauka nr. I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 14. gr. sáttmálans. Heldur hún því fram að líta beri á ávöxtunarhluta lífeyrisgreiðslna sem tekjur af fjármagni og því sambærilegar við aðrar fjármagnstekjur, sem nú sé greiddur af 10% fjármagnstekjuskattur.

Samkvæmt 77. og 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, skal skattamálum skipað með lögum og má engan skatt leggja á, breyta eða taka af nema með lögum. Ákvörðunarvald um skattheimildir er því í höndum löggjafans og hefur hingað til verið litið svo á að hann hafi í þeim efnum nokkuð frjálsar hendur, bæði um ákvörðun skatthlutfalls og mismunandi skattlagningu á mismunandi skattandlag, svo framarlega sem skattlagning sé innan eðlilegra marka og verði ekki talin fara í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar eða 1. gr. viðauka nr. I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og 14. gr. sáttmálans. Sú takmörkun hefur þó verið talin felast í skatthugtakinu að löggjafinn verði að gæta þess að skattar verði aðeins lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Samkvæmt því myndu skattaálögur á einstaka gjaldendur, einn eða fleiri, sem ekki næðu til annarra sem eins stæði á um, fara í bága við stjórnarskrána.

Eins og áður er rakið var tilgangurinn með upptöku fjármagnstekjuskatts samkvæmt lögum nr. 97/1996 m.a. að auka samræmi í skattlagningu tekna og stuðla að tekjujöfnuði. Vaxtatekjur einstaklinga höfðu til þess tíma verið skattfrjálsar og var bent á að ósamræmi hlytist af því að sumir einstaklingar, og þá einkum hinir efnameiri, gætu látið hjá líða að greiða skatt af tekjum sem þeir höfðu af fjármagni sínu, á meðan aðrir greiddu fullan tekjuskatt af launatekjum. Fjármagnstekjuskatturinn lagðist á allar fjármagnstekjur einstaklinga og var að því leyti lagður á eftir almennum efnislegum mælikvarða. Eftir sem áður var lífeyrir skattlagður með almennu tekjuskattshlutfalli, þótt í lífeyrisgreiðslu kynni að felast fjármagnstekjur. Var það sérstaklega áréttað með lögum nr. 154/1998, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar felst að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til þeirra atriða sem þar eru sérstaklega tilgreind. Til þess að um brot á reglunni sé að ræða verður að sýna fram á að sambærileg tilvik séu meðhöndluð á mismunandi hátt.

Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á að stefnandi sæti annarri skattalegri meðferð en aðrir, sem eins stendur á um. Sama regla gildir því um alla lífeyrisþega, lífeyrir þeirra er skattlagður sem tekjuskattur samkvæmt 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, án tillits til aldurs, efnahags eða stöðu að öðru leyti. Að álitni dómsins hefur stefnandi heldur ekki sýnt fram á að ávöxtunarluti lífeyrisgreiðslna sé sambærilegur við aðrar fjármagnstekjur og mismunandi skattlagning því brot á jafnræðisreglu. Í því sambandi er áréttað það sem áður er fram komið, að í lífeyrisgreiðslu til lífeyrisþega er ekki að finna sundurgreiningu á höfuðstóli og ávöxtun, né er gert ráð fyrir slíkri skiptingu í lögum eða samþykktum lífeyrissjóða, í þessu tilviki Lífeyrissjóðsins Framsýnar. Til þess að unnt sé að sýna fram á meinta mismunun og brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár verður stefnandi a.m.k. að færa sönnur á að í greiðslunni felist fjármagnstekjur að tiltekinni fjárhæð, sem hljóti skattalega meðhöndlun á annan hátt en aðrar fjármagnstekjur. Það hefur stefnandi ekki gert og raunar allsendis óvíst að slíkt sé gerlegt. Að sama skapi verður ekki á það fallist að unnt sé að bera saman tekjur af lífeyrissparnaði og tekjur af öðru fjármagni, og draga þá ályktun að um ólögmetna mismunun sé að ræða vegna mismunandi skattlagningar teknanna. Telur dómurinn slíkan samanburð með öllu óraunhæfan, ekki síst vegna þess að iðgjöld launþega og launagreiðanda mynda ekki séreign til handa sjóðfélaga, aðeins ávinnslu tiltekinna réttinda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Um leið er minnt á að iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda má draga frá tekjum, bæði framlag launþega og framlag launagreiðanda. Þar sem lífeyrissjóðir eru undanþegnir skattskyldu, felur þetta fyrirkomulag í sér að skattskyldu er frestað þar til lífeyrir er greiddur út. Við skattlagningu annarra fjármagnstekna hefur fullur tekjuskattur hins vegar verið greiddur af þeim tekjum sem mynda höfuðstól, og því aðeins unnt að ávaxta þann hluta tekna sem eftir stendur. Það eitt að skattleggja mismunandi tekjur á mismunandi hátt felur hér ekki í sér mismunun, og stríðir því hvorki gegn 65. eða 72. gr. stjórnarskrárinnar, né 1. gr. viðauka I við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og 14. gr. sáttmálans. Að fenginni þeirri niðurstöðu þykir ekki ástæða til að fjalla um þau rök stefnanda að umrætt fyrirkomulag við skattlagningu feli í sér mismunun gagnvart henni vegna stöðu hennar sem lífeyrisþega eða vegna efnahags, enda eru þær málsástæður ekki í beinu samhengi við það álitafni sem hér er til úrlausnar.

Að öllu framanrituðu virtu er það niðurstaða dómsins að skattlagning lífeyristekna, með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og skattstjórinn í Reykjavík hafði úrskurðað um 11. apríl 2006, sé að öllu leyti lögmæt og í samræmi við þá heimild sem löggjafanum er veitt til skattlagningar samkvæmt 77., sbr. 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með síðari breytingum. Um leið er því hafnað að skattlagningin brjóti í bága við 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar eða 1. gr. viðauka I, sbr. og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í máli þessu samkvæmt gjafsóknarleyfi 13. júní 2006. Hefur málskostnaðarreikningur verið lagður fram í málinu, alls að fjárhæð 2.893.514 krónur. Í þeirri fjárhæð er innifalinn útlagður kostnaður við rekstur málsins, 86.568 krónur. Við ákvörðun þóknunar til lögmanns stefnanda, Jónasar Þórs Guðmundssonar hdl., hefur dómurinn tekið mið af eðli og umfangi málsins, en jafnframt til þess litið að málið er nú rekið öðru sinni fyrir dómstólum. Var það fyrst höfðað í október 2002, en þá vísað frá dómi, sbr. dómur Hæstaréttar 11. febrúar 2004 í málinu nr. 490/2003. Þykir málflutningsþóknun lögmanns stefnanda nú hæfilega ákveðin 1.600.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts. Samtals nemur því gjafsóknarkostnaður stefnanda 1.686.568 krónum, sem greiðist úr ríkissjóði.

Dóminn kvað upp Ingimundur Einarsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Maríu H. Guðmundsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, alls að fjárhæð 1.686.568 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ingimundur Einarsson

